

**9. fundur Samstarfsnefndar um sameininu sveitarfélaganna
Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og
Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn 25. febrúar 2019 á
bæjarskrifstofu Fljótsdalsheráði, Lyngási 12. Fundurinn hófst kl.
15:00.**

Björn Ingimarsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt, Anna Alexanderdóttir, Hannes Karl Hilmarsson, Oddný Björk Daníelsdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Bergþóra Birgisdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson og Aðalheiður Borgþórsdóttir. Einnig Róbert Ragnarsson og Páll Björgvin Guðmundsson frá RR-ráðgjöf sem rituðu fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

2. Kynning og almannatengsl.

Róbert fór yfir uppsetningu á nýrri heimasíðu en hún er núna komin í loftið. Bæta þarf inn sveitarfélagamerki fyrir Borgarfjörð Eystri. Rætt um mikilvægi þess að heimasíðan verðir „lifandi“ og eins miklar upplýsingar verði settar á svæðið eins og hægt er. Ákveðið að verkefnastjórar myndu skrifa úrdrátt úr fundargerðum nefndanna og birta á heimasíðu.

3. Starfshópar.

Formenn fóru yfir gang mála á undanförunum fundunum starfshópa. Starfið gengur almennt vel og vinnan í fullu gangi skv. áætlun.

4. Fundir samstarfsnefndar

Farið yfir minnisblað og bréf í vinnslu er varðar aðkomu ríkisins að sameiningu sveitarfélaganna, innviði, atvinnulíf og byggðaðróun. Einnig umræða um þau verkefni er varða málefni á nýju skipulagi stjórnslu.

Farið yfir skipulag funda með ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála n.k. föstudag. Einnig skipulag með fulltrúum stjórnsmálaflokka n.k. fimmtudag. Haldinn verður fundur með fulltrúum sveitarfélagana er fundina sækja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl:16.45.

Páll Björgvin Guðmundsson og Róbert Ragnarsson rita fundargerð.